

Haustsýning FÍM:

36 listamenn sýna verk sín

HAUSTSÝNING FÍM, Félags íslenskra myndlistarmanna hófst að Kjarvalsstöðum 26. september og mun standa til 11. október. Alls eru 142 verk á sýningunni en gestir félagsins eru að þessu sinni þau Björg Þorsteinsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Hrólfur Sigurðarson og Ragnar Kjartansson. Ásamt þeim sýna 32 aðrir listamenn verk sín.

Það slys varð á sýningu FÍM að Kjarvalsstöðum að eitt myndverka eftir þá Hauk og Hörð var stórlega skemmt af krökkum þeim sem sóttu sýninguna að því talið er. Örn Þorsteinsson, formaður sýningarnefndar, sagði í samtali við Mbl. þetta vera hörmulegan atburð. Sagði hann að gæsla á myndverkunum væri alltaf sú sama, þ.e.a.s. miðasölukonan reyndi að fylgjast með því sem fram færi. Sagði hann að ekki stæði til að auka gæsluna, það vantaði peninga til slíks.

Sagði Örn að þeir þyrftu í framtíðinni að vera strangari í sambandi við frágang myndverka sem berast.



Þrír af gestum félagsins, frá vinstri: Björg Þorsteinsdóttir, Ragnar Kjartansson og Hildur Hákonardóttir. Á myndina vantar Hrólf Sigurðsson. Ljós. Mbl. RAX.

Marabonreglurnar gilda ennþá

AD ÞESSU sinni er það Ekvadorbúinn Klein sem er yfirdómari á heimsmeistaraeinvinu. Þetta er langþýðingarmesti skákviðburður þar sem hann hefur haft yfirstjórnina en hann hefur getið sér gott orð fyrir lipurð og snurðulausa stjórn á þeim mótum sem hann hefur áður dæmt. Honum til aðstoðar eru þau Guðmundur Arnlaugsson og frú Gertrude Wagner frá Austurríki. Guðmundur dæmir því nú sitt annað heimsmeistaraeinvigi því hér í Reykjavík árið 1972 var hann aðstoðardómari í hinu sögufræga einvigi þeirra Fischers og Spasskys.

Áfrýjunardómstólinn skipa þrír bektir og reyndir skákmenn: jógóslavneski stórmeistarinn Gligoric, Hollendingurinn Prins og Kinzel frá Austurríki.

Hér í Mbl. á sunnudaginn var

ranghermt að keppnisreglum einvígisins hefði verið breytt. Eftir maraboneinvigið í Baguio 1978 töldu flestir fullvíst að ekki yrði teft eftir sömu reglum aftur og tillaga kom fram þess efnis að sömu reglur giltu og í einvigi þeirra Spasskys og Fischers árið 1972. Hún náði hins vegar ekki fram að ganga á þingi Alþjóðskáksambandsins og reglurnar frá því síðast standa því óhaggaðar.

Sá sem fyrri verður til þess að vinna sex skákir telst því heimsmeistari í skák, jafntefli skipta engu máli og haldið verður áfram alveg þangað til annar nær sex vinningum. Í síðasta einvigi náði Karpov sjötta vinningnum í 32. skákinni eftir að teft hafði verið á fjórða mánuð. Nokkrar líkur eru því á því að keppendurnir og fylgiskáksambandsins verði að búast til vetursetu í Meranó.

Litmyndir
strax
daginn eftir!

Þú kemur með filmurnar til okkar í dag og sækir myndirnar kl. 16 á morgun.

Opið laugardaga kl. 9—12

Verslið hjá **Mats** fagmanninum

LJÓSMYNDAPJÓNUSTAN S.F.
LAUGAVEGI 178 SÍMI 85811

URVALS
LON

VIKUFERÐIR — 7 nætur — laugard. til laugardags.
4 mjög góð hótél í mið-borginni. VERÐ FRÁ KR. 4.427.- á mann í tvíbýlisherbergi, morgunverður innifalinn.

LON

HELGARFERÐIR

3 nætur — fimmtud. til sunnud. Í vali eru 5 mjög góð hótél, öll herbergi með baði og lita-sjónvarpi. VERÐ FRÁ KR. 3.232.- á mann í tvíbýlisherbergi, morgunverður innifalinn.

CPH

HELGARFERÐIR

3 nætur — föstud. til mánud. 3 fyrsta flokks hótél í hjarta borgarinnar. VERÐ FRÁ KR. 3.434.- á mann í tvíbýlisherbergi, morgunverður innifalinn.

LUX

HELGARFERÐIR

3 nætur — laugard. til þriðjud. Gist á Aerogolf hótelinu, sem er fyrsta flokks, öll herbergi með baði. Verð á mann í tvíbýlisherbergi er KR. 2.466.-, morgunverður innifalinn.

STO

HELGARFERÐIR


3 og 4 nætur — brottför á föstud. Val um 3 mjög góð hótél. VERÐ FRÁ KR. 2.647.- á mann í tvíbýlisherbergi.

OSL

HELGARFERÐIR

3 og 4 nætur, brottför á föstud. Í vali eru 3 vel staðsett, góð hótél. VERÐ FRÁ KR. 2.440.- á mann í tvíbýlisherbergi.

URVAL
v/AUSTURVOLL
SÍMI 26900



KAUPMENN-VERSLUNARSTJÓRAR

AVEXTIR
VIKUNNAR

Epli græn — Epli rauð — Appelsínur — Sítrónur — Grape aldin — Grape aldin rautt — Vínber græn — Vínber blá — Perur — Melónur — Klementínur — Avocado — Bananar

EGGERT KRISTJÁNSSON HF
Sundagörðum 4, sími 85300

